

# FORVARNASTEUFNA MÚLAPINGS



Múlaping

# INNGANGUR

**Forvarnastefna Múlaþings leggur áherslu á heilbrigði, öryggi og vellíðan barna og ungmenna í sveitarfélaginu. Með samstilltu átaki forsjáraðila, starfsfólks skóla, félagsmiðstöðva og frístundar, heilbrigðisstarfsfólks, lögreglu og annarra aðila, er markmið stefnunnar að skapa öruggt og styðjandi umhverfi þar sem öll börn og ungmenni geta dafnað. Áhersla er á eftirfarandi sex atriði í forvarnastefnu Múlaþings: ofbeldi, kynheilbrigði, heilsuefingu, félagsfærni, jafnrétti og stafrænt umhverfi.**



## Grundvöllur stefnunnar

Forvarnastefna Múlaþings byggir á traustum grunni laga og stefnumótunar. Hún tekur mið af fjölskyldustefnu Múlaþings 2025–2035, sem mótar sameiginlega sýn á hvernig samfélagið styður einstaklinga og fjölskyldur og skapar skilyrði fyrir farsæld, öryggi og lífsgæði allra íbúa. Markmið stefnunnar er að setja heilsu og farsæld í forgang. Einnig er stuðst við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Barnvæn sveitarfélög og íslensk barnalög, þá sérstaklega lög nr. 76/2003 sem og jafnréttisstefnu Múlaþings. Þessi viðtæki grunnur tryggir að stefnan sé í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og innlendar áherslur í málefnum barna og ungmenna.

## Skilgreining á forvörnum

Múlaþing leggur áherslu á að vinna samkvæmt skilgreiningu Stjórnarráðs Íslands á forvörnum. Samkvæmt þeirri skilgreiningu eru forvarnir aðgerðir sem beinast að samfélaginu í heild, sérstökum hópum eða einstaklingum. Markmið þeirra er að efla heilbrigði, fyrirbyggja sjúkdóma og greina frávik snemma til að geta beitt snemmtækri íhlutun. Þessi nálgun undirstrikar mikilvægi þess að horfa heildstætt á velferð barna og ungmenna, ekki aðeins með tilliti til líkamlegrar heilsu, heldur einnig andlegrar og félagslegrar vellíðunar.

# ÁHERSLUR Í FORVÖRNUM MÚLAÞINGS

Forvarnastarf í Múlaþingi beinist að eftirfarandi sviðum: ofbeldi, kynheilbrigði, heilsueffingu, félagsfærni, jafnrétti og stafrænu umhverfi.

## Ofbeldi

Múlaþing leggur mikla áherslu á að koma í veg fyrir ofbeldi í allri sinni mynd og að skapa öruggt samfélag sem byggist á virðingu og gæsku. Helstu áherslur eru: að þekkja skilgreiningar og birtingarmyndir ofbeldis, auka fræðslu og vitund, tryggja stuðning og samvinnu við fagaðila og efla samfélagslega ábyrgð.

## Heilsueffing

Heilsueffing er veigamikill þáttur í forvarnastarfi Múlaþings. Áhersla er lögð á að stuðla að heilbrigðum lífsstíl barna og ungmenna með fræðslu um næringu, hreyfingu og andlega heilsu, og að draga úr áhættuhegðun eins og notkun ávanabindandi efna og orkudrykkja. Sveitarfélagið vinnur náið með heilsugæslu, lögreglu, skólum og íþróttafélögum.

## Jafnrétti

Jafnrétti er grundvallaratriði í samfélaginu. Öll börn og ungmenni eiga skilið að alast upp í umhverfi þar sem þau geta blómstrað og verið þau sjálf. Lögð er áhersla á fjölbreytileika, fræðslu, jafnan aðgang að tækifærum og öryggi.

## Kynheilbrigði

Áhersla er lögð á forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi. Múlaþing vinnur eftir skilgreiningu Sambands íslenskra sveitarfélaga á málaflokknum og leggur áherslu á fræðslu og vitundarvakningu, þjálfun starfsfólks og samstarf við fagaðila.

## Félagsfærni

Múlaþing leggur áherslu á að efla félagsfærni og tilfinningagreind barna og ungmenna. Þessi áhersla byggir á rannsóknum sem sýna að sterk félagsfærni og góð tilfinningagreind draga úr áhættuhegðun og auka vellíðan. Þættirnir fela í sér sjálfsþekkingu, samskiptafærni, samkennd, sjálfsstjórn og ábyrga ákvarðanatöku.

## Stafrænt umhverfi

Í ljósi aukinnar tækninotkunar leggur Múlaþing áherslu á öryggi barna og ungmenna í stafrænu umhverfi. Þetta felur í sér fræðslu um netöryggi, ábyrga notkun samfélagsmiðla, gagnrýna hugsun og foreldrafræðslu.

## FORVARNATEYMI MÚLAÞINGS

Í Múlaþingi starfa forvarna-, aðgerða- og viðbragðsteymi sem hafa það hlutverk að fylgja forvarna-stefnu sveitarfélagsins eftir. Forvarnateymin eru tvö og sinna almennum forvörnum og vinna jafnframt gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi. Aðgerðarteymi metur þörf fyrir fræðslu og viðbrögð, og viðbragðsteymi sinnir stærri málum sem krefjast sérstakra aðgerða.



## SAMSTARF VIÐ FORELDRA OG FORSJÁRAÐILA

Múlaþing leggur áherslu á náið samstarf við foreldra og forsjáraðila. Það felur í sér reglulega fræðslufundi, virka upplýsingamiðlun og stofnun samráðsvettvangs þar sem foreldrar geta komið skoðunum sínum á framfæri.



**Múlaping**